

Mál nr. 5/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging****Tilkynningafrestur.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 04.01.2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 31.01.2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf lögmanns M dags. 07.02.2022, ásamt fylgiskjölum.
4. Bréf V dags. 09.02.2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M lenti í slysi þann 28. nóvember 2018 er hann var að ganga niður þrep á brú við pottasvæði sundlaugar í eigu X. Hálsa var á brúnni og skall M aftur fyrir sig og rann niður öll þrepin með þeim afleiðingum að hann slasaðist. M gerði kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X og í úrskurði nr. 202/2020, dags. 1. september 2020 komst úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að M ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V. M hyggst nú fara með málið fyrir dómstóla og gerði því kröfu í málskostnaðartryggingu sína hjá V þann 23. nóvember 2021. Þann 2. desember 2021 hafnaði V bótaskyldu með vísan til þess tilkynningafrestur væri liðinn.

M telur að hann eigi skýran og ótvíræðan rétt úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V. Matsgerð í málinu lá ekki fyrir fyrr en 13. október 2021 og því var M ekki ljóst fyrr en þá hverjar varanlegar afleiðingar yrðu. Í kjölfarið voru gerðar upp bætur úr frítímaslysasýrtingu hjá V og að því loknu var tekin ákvörðun um að höfða dómssmál til heimtu bóta úr ábyrgðartryggingu X. Ákvörðun um málsköfðunina var þannig tekin nokkrum dögum áður en tilkynningin var send til V. Í viðbótarathugasemdum sínum vísar lögmaður M til þess að tjón M var tilkynnt til V með tölvupósti þann 6. mars 2019 og svo með sérstöku eyðublaði þann 11. júlí 2019. V staðfesti bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu vegna slyssins með tölvupósti dags. 11. júlí 2019. Vísar lögmaður M til sambærilegra sjónarmiða sem fram koma í dómi Landsréttar í máli nr. 280/2020 og vísar til þess að engin rök standi til þess að V hafni bótaskyldu úr einstökum bótaliðum fjölskyldutryggingar M hjá V.

V vísar til upplýsinga sem fram koma í tjónstilkynningu M þar sem fram kemur að ágreiningurinn hafi komið upp þegar V hafnaði bótaskyldu í málinu, sem var með bréfi dags. 2. febrúar 2020. Í tjónstilkynningu segi einnig að þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni um bætur úr málskostnaðartryggingunni hafi gerst 28. nóvember 2018. Þegar M tilkynnti tjón í málskostnaðartryggingu sína þann 23. nóvember 2021 var liðið meira en ár frá því að honum mátti vera ágreiningurinn ljós en V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þann 2. febrúar 2020. Með álitinu sínu þann 1. september 2020 tók úrskurðarnefnd í váttryggingamálum undir þá afstöðu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tilkynningafrestur hafi verið virtur í skilningi Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 glatar váttryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Þar sem um málskostnaðartryggingu er að ræða verður að líta til skilmála váttryggingarinnar um það hvenær stofnast til bótaskylds atviks úr tryggingunni. Segir í m.a. í skilmálanum að: „*Váttryggingin tekur til ágreinings sem kemur upp á váttryggingartímabilinu [...]*“. Verður því að miða við að upphaf ársfrestsins byrji að líða við það tímamark er váttryggðum mátti vera ljóst að ágreiningur væri kominn upp. Það er ágreiningslaust að M átti bótarétt úr frítímaslysasýrtingu sem er hluti af fjölskyldutryggingunni og að lögmaður M var í samskiptum við V vegna þeirrar tryggingar allt frá 6. mars 2019. Bótaskyldu hefur verið hafnað úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingarinnar. Um er að ræða tvo aðskilda váttryggingaratburði. Fyrri váttryggingaratburðurinn er frítímaslysisháttur sem gerðist þann 28. nóvember 2018 og svo seinni váttryggingaratburðurinn er ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Sá ágreiningur kom fyrst upp er V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þann 2. febrúar 2020. Ekki er því unnt að líta svo á að málsatvik séu sambærileg og þau sem fjallað var um í dómi Landsréttar í máli nr. 280/2020. Í

Því máli var um að ræða einn vátryggingaratburð sem bótaskyldur var úr tveimur mismunandi tryggingum hjá sama vátryggingafélagi. Að mati nefndarinnar mátti M vera ljóst að ágreiningur væri kominn upp þegar V hafnaði bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X þann 2. febrúar 2020. Þegar M gerði kröfu í málskostnaðartrygginguna með tjónstilkynningu þann 23. nóvember 2021 var ársfrestur sem tilgreindur er í gr. 6.3 í vátryggingarskilmála V sbr. 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga, liðinn þegar M tilkynnti um tjón til V þann 2. febrúar 2020.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 8. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir